

**Ársfundur AkureyrarAkademíunnar miðvikudaginn 17. maí 2017 í húsi stofnunarinnar, Árholti að Háhlíð 1.**

Fundinn sátu fulltrúarnir: Arndís Bergsdóttir, Jóhann Ásmundsson, Kristín Heba Gísladóttir, Ólafur Thoroddsen, Ólöf María Brynjarsdóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Steinunn A. Ólafsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir. Bergljót Þrastardóttir hafði fyrir fundinn skilað umboði sínu til Valgerðar S. Bjarnadóttur.

Ritari, Valgerður S. Bjarnadóttir, setur fund kl. 20.09. Hún kom á framfæri kærum kveðjum frá fráfarandi formanni, sem komst ekki á fundinn vegna veikinda.

Arndís Bergsdóttir var skipuð fundarstjóri og Valgerður S. Bjarnadóttir fundarritari.

1. Ritari flutti skýrslu stjórnar AkureyrarAkademíunnar, í fjarveru formanns. Fundarmenn lögðu allir blessun yfir ársskýrslu stjórnar. Hún verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.
2. Gjaldkeri, Ólafur Thoroddsen gerði grein fyrir endurskoðuðum ársreikningum AkureyrarAkademíunnar. Tap af rekstri stofnunarinnar árið 2016 var kr. 467.342. Ársreikningar voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.
3. Upptalning fulltrúa: Arna Björg Bjarnadóttir, Arndís Bergsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Bryndís Símonardóttir, Guðmundur Árnason, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Jón Aðalsteinn Hermannsson, Jón Hjaltason, Jónína Garðarsdóttir, Krisín Heba Gísladóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Martina Linnéa Huhtamäki, Melkorka Mjöll Kristinsdóttir, Ólafur Thoroddsen, Ólöf María Brynjarsdóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Steinunn Arnars Ólafsdóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir og Þórdís Ólafsdóttir.

4. Kjör formanns og fulltrúaráðs. Eftirfarandi fulltrúar gáfu kost á sér í fulltrúaráð: Arndís Bergsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Martina Huhtamáki, Ólafur Thoroddsen, Sigurgeir Guðjónsson, Steinunn A. Ólafsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir. Ekki komu fram önnur framboð og voru fyrrnefndir fulltrúar því kjörnir með öllum greiddum atkvæðum. Bergljót Þrastardóttir var kjörin formaður í einu hljóði. Steinunn A. Ólafsdóttir var að því búnu kjörin ritari og Ólafur Thoroddsen gjaldkeri, bæði með öllum greiddum atkvæðum.
  
5. Fjárhagsáætlun og árgjald. Gjaldkeri, Ólafur Thoroddsen og framkvæmdastjóri, Kristín Heba Gísladóttir, gerðu grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og var hún samþykkt. Nokkur umræða fór fram um möguleg verkefni á næsta starfsári. Fundarmenn samþykktu að árgjald AkureyrarAkademíunnar yrði óbreytt fyrir næsta ár eða krónur 1500.
  
6. Önnur mál.  
Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri, kvaddi sér hljóðs og óskaði Sigurgeiri Guðjónssyni til hamingju með nýútkomna bók hans um sögu vélstjórastéttarinnar á Íslandi og færði honum blóm frá stofnuninni.

Fundi slitið kl. 21:10